

## VIÐAUKI VIÐ LÝSINGU ÍSFÉLAGS HF.

Viðauki þessi varðar lýsingu Ísfélags hf., kt. 660169-1219, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjum („Ísfélag“, „félagið“ eða „útgefandi“), sem dagsett er 22. nóvember 2023, en lýsingin var gefin út í tengslum við almennt útboð á þegar útgefnu hlutafé félagsins og töku hlutabréfa þess til viðskipta á skipulegum markaði (Aðalmarkaði) Nasdaq Iceland.

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 („Lýsingarreglugerðin“).

Lýsing Ísfélags sem dagsett er 22. nóvember 2023 skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í lýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Eftir birtingu viðaukans myndar viðaukinn órjúfanlegan hluta lýsingarinnar. Viðaukinn hefur verið staðfestur af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, sem lögbundins stjórnvalds í skilningi Lýsingarreglugerðarinnar.

Staðfesting Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á viðauka þessum felur eingöngu í sér staðfestingu þess, að viðaukinn uppfylli þær kröfur að hann sé fullnægjandi, skiljanlegur og samkvæmur því sem kveðið er á um í Lýsingarreglugerðinni. Því ber ekki að líta á staðfestingu stjórnvaldsins sem stuðning við útgefandann eða staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem viðaukinn varðar. Fjárfestar skulu sjálfir meta hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum.

### **Tilgangur viðaukans er að innleiða nýjan áhættuþátt í útefandalýsingu Ísfélags hf.:**

Hinn nýi áhættuþáttur skal felldur inn í útefandalýsingu útefanda og skal þar birtast sem nýr undirkaflí í 1. kafla útefandalýsingarinnar, auðkenndur sem kaflí 1.2.20 og skal yfirskrift hans og efni vera með svofelldum hætti:

#### **„1.2.20 Sértek áhætta tengd veituvinnvæðum í Vestmannaeyjum**

Sá hluti starfsemi Ísfélags sem fram fer í Vestmannaeyjum er háður aðgengi að raforku og neysluvatni, sem hvoru tveggja er dreift með neðansjávarlögnum sem liggja á hafsbotni, frá megin dreifikerfum á fastalandinu til Vestmannaeyja.

Komi til þess að rof eða annars konar tjón verði á slíkum veitulögnum, kann það að hafa áhrif á getu Ísfélags til þess að stunda landvinnslu sjávarafila í Vestmannaeyjum, um lengri eða skemmri tíma, allt eftir atvikum hverju sinni.

Við slíkar kringumstæður myndi Ísfélag leitast við að flytja, eftir föngum, slíka vinnslu þess afla sem annars yrði unninn í Vestmannaeyjum til annarra starfsstöðva sinna í Þorlákshöfn, Siglufirði eða Þórshöfn. Engin trygging er þó fyrir því að nægjanleg afkastageta reynist fyrir hendi á umræddum starfsstöðvum til þess að sinna slíkri vinnslu ef til kæmi. Verði kringumstæður af þeim toga sem hér er lýst að veruleika, kynni það að hafa veruleg neikvæð áhrif á rekstur Ísfélagsins, fjárhagslega afkomu þess og arðsemi hlutafjár félagsins.

Athygli fjárfesta er í þessu sambandi vakin á ákvörðun Ríkislögreglustjóra, sem birt var 28. nóvember 2023, um að lýsa yfir hættustigi í Vestmannaeyjum vegna skemmda á neysluvatnslögn þeirri sem liggur til Vestmannaeyja, en að mati Ríkislögreglustjóra er raunveruleg hættu til staðar á því að lögnin rofni alfarið í kjölfar umfangsmikilla skemmda og tilfærslu á lögninni neðansjávar, en skemmdir þessar urðu nýverið er ankeri fiskiskips í eigu

Þriðja aðila festist í lögninni. Samkvæmt upplýsingum Ríkislögreglustjóra er nú unnið að mati á afleiðingum takmarkaðs rennslis ferskvatns til Vestmannaeyja, bæði fyrir íbúa Vestmannaeyja og atvinnustarfsemi þar, sem og að gerð úrbótaáætlunar vegna þessa. Hefur Ríkislögreglustjóri upplýst að neytlvatnslögnin sé, þrátt fyrir ofangreint, nothæf sem stendur og að af þeim sökum sé ekki þörf á að spara vatn í Vestmannaeyjum eða safna því að sinni.

Ísfélag hefur réttarstöðu sína til skoðunar vegna þeirra atvika sem hér er lýst. Ísfélag gerir ráð fyrir að hagsmunir félagsins vegna þeirra atvika sem ákvörðun Ríkislögreglustjóra varðar séu nægjanlega varðir á grundvelli váttrygginga og almennra reglna íslensks skaðabótaréttar en niðurstaða þess liggur ekki fyrir þegar viðauki þessi er birtur.

### **Réttur til afturköllunar**

Í samræmi við 2. mgr. 23. gr. Lýsingarreglugerðarinnar er fjárfestum sem þegar hafa skráð sig fyrir verðbréfum í almennu hlutafjárútbóði Ísfélags fyrir birtingu viðaukans heimilt að afturkalla áskriftir sínar innan tveggja virkra daga frá birtingu viðaukans. Réttur þessi fellur niður að 30. nóvember liðnum. Fjárfestum er bent á að hafa samband við [isfelag@arionbanki.is](mailto:isfelag@arionbanki.is), [isfelag@islandsbanki.is](mailto:isfelag@islandsbanki.is) eða [isfelag@landsbankinn.is](mailto:isfelag@landsbankinn.is) hyggist þeir neyta réttar síns til afturköllunar.

### **Yfirlýsing ábyrgðaraðila viðauka**

Stjórnarformaður og forstjóri Ísfélags lýsa því yfir fyrir hönd Ísfélags, sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í viðaukanum í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr viðaukanum sem gæti haft áhrif á áreiðanleika hans.

Reykjavík, 28. nóvember 2023

Fyrir hönd Ísfélags hf.,

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson  
Stjórnarformaður

Stefán Baldvin Friðriksson  
Forstjóri

## Undirritunarsíða

F.h. Ísfélags hf.,  
Stefán Baldvin Friðriksson

F.h. Ísfélags hf.,  
Gunnlaugur S Gunnlaugsson